

## Stofnsamþykktir fyrir UT-konur, félag kvenna í upplýsingatækni

### 1. grein

#### Nafn hópsins

Nafn hópsins er UT-konur, félag kvenna í upplýsingatækni. Hann er faghópur innan Skýrslutæknifélags Íslands, með þeim skyldum og réttindum sem það felur í sér (sjá þó 3. og 4. grein).

### 2. grein

#### Markmið

Markmið faghópsins er:

- að stuðla að fjölgun kvenna í upplýsingatækni
- að stuðla að fjölgun kvenna í háskólanámi í tölvunarfræði og kerfisfræði
- að stuðla að fjölgun kvenna í stjórnunarstöðum og stjórnnum fyrirtækja
- að vera vettvangur skoðanaskipta um störf kvenna í upplýsingatækni
- að auka sýnileika kvenna í upplýsingatækni

### 3. grein

#### Réttur á aðild

Rétt á aðild að faghópnum eiga allar fag- og áhugakonur um upplýsingatækni. Hægt er að vera eingöngu félagi í faghópnum eða eiga jafnframt fulla aðild að Skýrslutæknifélagi Íslands. Umsókn um aðild skal berast til skrifstofu Skýrslutæknifélagsins.

### 4. grein

#### Réttindi og skyldur félaga í faghópnum

Félagar faghópsins hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum faghópsins. Rétt til að greiða atkvæði á fundum og kjörgengi í stjórn og nefndir hafa einungis þeir sem greitt hafa félagsgjöld. Félögum ber að virða lög faghópsins, fundarsköp, fundarsamþykktir og ákvarðanir stjórnar. Félögum er óheimilt að tjá sig á opinberum vettvangi í nafni faghópsins nema með samþykki stjórnar.

Félögum er skylt að greiða félagsgjald samkvæmt ákvörðun aðalfundar Skýrslutæknifélagsins og félagi sem ekki greiðir félagsgjöld í 2 ár missir öll réttindi í faghópnum.

### 5. grein

#### Ársfundur

Ársfundur faghópsins skal haldinn árlega að vori til. Allir félagar eiga rétt til setu á ársfundi með málfrelsi, tillögurétt og atkvæðarétt. Fundurinn skal boðaður félögum skriflega eða með öðrum sannanlegum hætti með minnst sjö daga fyrirvara. Í fundarboði skal greina fundarefni svo og allar tillögur sem ætlast er til að bornar verði undir atkvæði. Stjórn faghópsins skipuleggur og ber ábyrgð á framkvæmd ársfundar.

Dagskrá ársfundar er eftirfarandi:

- Setning fundar og kynning dagskrár
- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar faghópsins um störf hans á liðnu starfstímabili
- Starfsáætlun næsta starfsárs lögð fram
- Breytingar á félagssamþykktum
- Kosning formanns
- Kosning annarra stjórnarmanna
- Kosning í nefndir faghópsins
- Önnur mál

Á ársfundi ræður meirihluti atkvæða úrslitum, þó þarf a.m.k. 2/3 atkvæða til breytinga á samþykktum faghópsins (sjá gr. 6). Komi fram tillaga um að leggja faghópin niður þarf samþykki a.m.k. 2/3 hluta atkvæðisbærra félaga. Halda skal gerðarbók um ársfundi faghópsins og skrá allar samþykktir og ákvarðanir. Málefni sem óskast tekin fyrir á ársfundi skulu berast stjórn faghópsins að a.m.k. tveimur vikum fyrir ársfund.

## 6. grein

### Breytingar á samþykktum faghópsins

Samþykktum faghópsins verður aðeins breytt á ársfundi. **Tillaga til breytingar skal** berast stjórn með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Ef **tillaga til breytingar** verður tekin til meðferðar á ársfundi skal þess getið í fundarboði og gerð grein fyrir tillögunni þar.

## 7. grein

### Stjórn faghópsins

Stjórn faghópsins skipa 5 félagar og tveir til vara kosnir á ársfundi faghópsins. Formaður skal kosinn sérstaklega. Í stjórn eru auk formanns, ritari sem jafnframt er varaformaður og þrjú meðstjórnendur. Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára og skulu ganga úr stjórn á víxl. Varamenn skulu kosnir til eins árs. Ef stjórnarmaður gengur úr faghópnum eða hættir stjórnarstörfum tekur varamaður sæti hans. Stjórn faghópsins skal vera þannig skipuð að hún endurspegli sem best þekkingu og starfssvið félaga í faghópnum. Sama skal gilda um varamenn.

## 8. grein

### Gildistími

**Lög þessi öðlast gildi á stofnfundi faghópsins.**